

## AUGLÝSING

### um breytingar á váttryggingarfjárhæðum lögmæltra ökutækjatrýgginga.

1. gr.

Samkvæmt ákvæði 5. mgr. 91. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, með síðari breytingum, er ákveðið að váttryggingarfjárhæðir ábyrgðartryggingar ökutækis skv. 4. mgr. 91. gr. sömu laga verði 2.744 milljónir kr. vegna líkamstjóns eða missis framfæranda og 445 milljónir kr. vegna tjóns á munum.

2. gr.

Samkvæmt ákvæði 4. mgr. 92. gr. umferðarlaga, sbr. ákvæði 5. mgr. 91. gr. sömu laga, er ákveðið að váttryggingarfjárhæð slysatryggingar ökumanns og váttryggingartaka skv. 1.-3. mgr. 92. gr. verði 206 milljónir kr.

3. gr.

Hámark eigin áhættu váttryggingartaka skv. 2. másl. 3. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 392/2003, um lögmæltar ökutækjatrýggingar, er 391.000 kr. fyrir einstakling og 1.953.000 kr. fyrir rekstraraðila. Hámark eigin áhættu skv. 3. másl. 3. mgr. 4. gr. er 48.000 kr.

4. gr.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um breytingu á váttryggingarfjárhæðum lögmæltra ökutækjatrýgginga, nr. 690 frá 23. júlí 2012.

*Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 28. febrúar 2014.*

F. h. r.

**Tómas Brynjólfsson.**

\_\_\_\_\_  
*Sóley Ragnarsdóttir.*